# Sérfróðir meðdómsmenn – umsókn

## *Leiðbeiningar*

Til þess að sækja um að vera tilnefndur til fimm ára á lista yfir sérfróða meðdómsmenn þarf að senda umsókn í gegnum vefgátt.

Nauðsynlegt er að skrá sig inn í vefgátt dómstólanna í gegnum island.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

**Hlekkur inn í vefgáttina er hér:** [https://vefgatt.domstolar.is/web/index.html](https://vefgatt.domstolar.is/web/index.html)




Nauðsynlegt er að stofna notanda til þess að komast lengra. Athugið að upplýsingarnar sem eru færðar inn við stofnun notanda færast inn í umsóknina.

Til þess að fá upp umsóknarformið þarf að velja „Umsóknir“




Þar þarf síðan að smella á „Sérfróður meðdómsmenn umsóknir“



Hér koma sjálfkrafa inn þær upplýsingar sem fyllar voru inn þegar notandinn var stofnaður




Næst þarf að velja sérgrein úr lista af starfsheitum. Ef ekkert þeirra á við skal velja „Annað“ í listanum og tilgreina starfsheiti í reitinn „Annað ekki í lista“. Ef starfsheiti er valið úr lista þarf ekki að fylla út í þennan reit.

Nauðsynlegt að að lýsa sérsviði nánar í nokkrum setningum í reitnum „Lýsing á sérsviði“.

Að lokum þarf að hengja við: Ferilskrá, sakavottorð eða umboð og staðfestingu á hæsta námsstigi. Athuguð að hægt er að sækja form fyrir umboð í með því að smella á hlekkinn í skýringartextanum undir „Fylgiskjöl“.

Hægt er að vista umsóknina og klára hana seinna. Til þess að senda inn umsóknina þarf að smella á „Senda“




Þegar málið hefur verið sent inn opnast „Mín mál“ þar sem umsóknin birtist. Einnig kemur tilkynning um að umsóknin hafi verið móttekin.







Umsækjandi fær jafnframt senda staðfestingu á netfangið sem var gefið upp.

## Umsóknin Sérfróðir meðdómsmenn umsóknir hefur verið móttekin

VD Vefgátt dómstóla <selfservice@gopro.net>
To Elín Sigurðardóttir - DS

Elín Sigurðardóttir, málið þitt: "Sérfróðir meðdómsmenn umsóknir" hefur verið móttekið.
Það er nú komið í vinnslu hjá málsaðila og þú munt fá tilkynningu ef og þegar einhverjar breytingar munu eiga sér stað á málinu.
Ef að nýjum skjölum verður bætt við málið af málsaðila, þá munt þú fá sjálfkrafa tilkynningu um það.